

135. löggjafarþing 2007–2008.

Þskj. 1339 — 624. mál.

Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Valgerðar Sverrisdóttur um framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvert er framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins, sundurliðað m.a. eftir fjölda starfa, tekjum ríkissjóðs og hlutfalli af útflutningstekjum?

1. Fjöldi starfa.

Eftirfarandi upplýsingar fengust frá álfélögnum um fjölda fastra starfsmanna í maí 2008, áætlaðan fjölda starfsmanna í sumarafleysingum og mat félaganna á fjölda starfa sem eru afleidd af starfsemi álveranna.

Álfélög	Fastir starfsmenn	Sumarafleysingar	Áætluð afleidd störf
ÍSAL í Straumsvík	540	130	1.350
Norðurál á Grundartanga	477	140	750
Fjarðaál í Reyðarfirði	450	130	1.000
Samtals	1.467	400	3.100

Nýsir hf. ráðgjafarþjónusta mat fjölda afleiddra starfa í skýrslu árið 2002 um samfélagsleg og efnahagsleg áhrif álvers í Fjarðabyggð þannig að óbein og afleidd störf á Mið-Austurlandi gætu orðið 295 og annars staðar í landinu 680, samtals 975.

2. Tekjur ríkissjóðs.

Upplýsingar um heildartekjur ríkissjóðs af áliðnaði liggja ekki fyrir. Ríkissjóður fær skatt-tekjur af launum hvers starfsmanns í áliðnaði en hluti af þeim fer sem útsvar til viðkomandi sveitarfélaga. Álfyirtækin eru skattlögg samkvæmt íslenskum lögum og nam álagning tekju-skatts 2007 tæplega 1.500 millj. kr.

Samkvæmt nýjasta þjóðhagsreikningsuppgjöri (2006) var vinnsluvirði launa í stóriðju 6.439 millj. kr. Sundurliðun á launagreiðslum liggur ekki fyrir.

Verðmæti útflutningsafurða í stóriðju 2006 var 62.908 millj. kr. Langstærstur hluti þess, eða 57.101 millj. kr., myndaðist í áliðnaði.

Samkvæmt upplýsingum álfyirtækjanna fer að jafnaði um þriðjungur af heildartekjum þeirra til að mæta innlendum kostnaði. Innlendur kostnaður er einkum raforkukaup, launa-kostnaður, skattar til ríkis og sveitarfélaga og kaup á innlendum vörum og þjónustu. Miðað við þessar upplýsingar má áætla að árið 2006 hafi um 19 milljarðar kr. farið til greiðslu á inn-lendum kostnaði. Efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins áætlaði í vorskýrslu um þjóðarbúskapinn 2008 að útflutningstekjur af áliðnaði á þessu ári verði 166,2 milljarðar kr. Frá janúar til júní 2008 var flutt út ál fyrir 73,5 milljarða kr., þannig að líklegt er að sú spá rætist. Ástæða fyrir svo mikilli tekjuaukningu er m.a. gríðarleg framleiðsluaukning á áli með stækk-

un Norðuráls og tilkomu Fjarðaáls. Auk þess hefur heimsmarkaðsverð á áli hækkað mikið að undanförnu og er því spáð að meðalverð 2008 verði nærrí 2.800 bandaríkjadölum á tonn.

Með svipuðum forsendum og áður má gera ráð fyrir að um 55 milljarðar kr. fari til greiðslu á kostnaði hérlandis 2008. Þar á meðal eru gjöld til ríkis og sveitarfélaga

3. Hlutfall af útflutningstekjum.

Árið 2007 námu útflutningstekjur vegna álframleiðslu 17,8% af heildarútfutningstekjum fyrir vörur og þjónustu. Árið 2008 er áætlað að útflutningur áls aukist um 70% að magni til og að hlutfall útflutningstekna af álframleiðslu nemí rúmlega 30% af heildarútfutningstekjum. Árið 2009, þegar heilsársframleiðslugeta Fjarðaáls verður fullnýtt, er spáð að hlutfallið verði komið yfir 30%.

Sé litið til vöruútfutnings eingöngu sést vaxandi þáttur álframleiðslunnar betur. Taflan sýnir álframleiðslu á Íslandi og tekjur af útflutningi áls í samanburði við heildartekjur af vöruútfutningi annars vegar og útflutningi vörur og þjónustu hins vegar árin 2002–2007 í milljörðum kr., svo og áætlanir fyrir 2008.

Ár	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
Álframleiðsla (1000 tonn)	282,6	286,1	278,1	283,7	303,4	446,4	760,0
Útflutningur vörur	204,3	182,6	202,4	194,4	242,7	305,1	372,4
Útflutningur vörur og þjónustu	305,9	288,1	316,3	322,6	369,2	451,7	551,1
Ál í % af vöruútfutningi	18,9	18,8	18,1	18,5	23,5	26,3	44,6
Ál í % af vörum og þjónustu	12,6	11,9	11,5	11,2	15,5	17,8	30,2